



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Fundargerð
30. eigendafundar Strætó bs.
Fjarfundur
Mánudaginn 1. febrúar 2021, kl. 13:15

Mætt:

f.h. eigenda Strætó bs.:

Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Garðabæ
Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri, Kópavogi
Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri, Seltjarnarnessbæ
Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri, Reykjavíkurborg
Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri, Mosfellsbæ
Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri, Hafnarfjarðarbæ

frá stjórn Strætó bs.:

Hjálmar Sveinsson, Reykjavík
Ásgeir Sveinsson, Mosfellsbæ
Gunnar Valur Gíslason, Garðabæ
Helga Ingólfssdóttir, Hafnarfirði.
Karen Elísabet Halldórsdóttir, Kópavogi
Sigrún Edda Jónsdóttir, Seltjarnarnesbæ

Enn fremur sátu fundinn Jóhannes Svavar Rúnarsson, framkvæmdastjóri Strætó bs. og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH sem ritaði fundargerð.

Formaður eigendavettvangs Strætó bs., Gunnar Einarsson, stýrði fundi.

Dagskrá var lögð fram og gengið til dagskrár.

1. Fjárhagsleg staða Strætó bs. / málsnr. 1911002

Gunnar Einarsson kynnir stöðu viðræðna við ríkið vegna mögulegs framlags þess til rekstrar Strætó bs. Hjálmar Sveinsson, formaður stjórnar Strætó bs., kynnir fjárhagsstöðu Strætó bs., með hliðsjón af afleiðingum Covid-19 sem leitt hafa til mikils tekjutaps. Umræður um framangreint og nauðsynlega endurnýjun vagnaflotans og að hvaða marki sé hagkvæmara og æskilegra að bjóða vagna og akstur út.

2. Rekstraráætlun / málsnr. 1911002



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Jóhannes Rúnarsson kynnir en útlit er fyrir að tekjur ársins 2021 verði 80% af tekjum ársins 2019. Þá er voru tekjur ársins 2020 um 800.000.000 kr. lægri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Koma þurfti til lántöku, alla vega tímabundið, til að mæta þessu. Umræður.

Niðurstaða fundar:

Eigendavettvangur samþykkir fyrir sitt leyti að lögð verði fyrir aðildarsveitarfélögin beiðni Strætó bs. um heimild til að sækja um yfirdráttarheimild að fjárhæð allt að 300.000.000 kr. hjá viðskiptabanka Strætó bs. í því öryggisskyni að tryggja fjárstreymi tímabundið og koma í veg fyrir ógjaldfærni á næstu mánuðum.

Jafnframt verði haldið áfram að leita leiða til hagræðingar.

3. Stjórnsýsla byggðasamlaga / málsnr. 1912001

Formaður eigendavettvangs fer yfir stöðu verkefnisins og fyrirhugaðan starfshóp um verkefnið sem tilnefnt var í vettvangi stjórnar SSH fyrr í dag.

4. Önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:00.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir, fundarritari.